

Fyrsti fundur stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, haldinn þann 22. október 2012 kl. 12.45. Símafundur, og voru stjórnarmenn á sinni starfsstöð.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson. Elliði boðaði forföll.

1. Umræður um samtökin

Nú eru 25 sveitarfélög skráð stofnfélagar. Enn hafa Seyðisfjarðarkaupstaður og Ísafjörður ekki tekið endanlega ákvörðun og ekkert hefur heyrst frá Strandabyggð eða Akureyri.

Norðurþingi var boðin þátttaka þann 9. október og er málið í skoðun hjá þeim. Ákveðið að formaður tali við formann veiðigjaldsnefndarinnar til að taka stöðuna.

Gjaldkeri, Páll björgvin, mun stofna reikning í Sparisjóði Norðfirðinga þegar hann hefur fengið stofnfundarerð og kennitölu félagsins.

Svanfríður sagði frá því að hún muni eiga fund með Magnúsi Karel hjá Sambandi sveitarfélaga á miðvikudag varðandi aðstöðu og stuðning þess við samtökin. Ákveðið að kanna hvort sambandið séu með hagstæða samninga varðandi flug fyrir stjórnarmenn.

Stjórn leggur áherslu á að Byggðastofnun uppfæri tölur frá 2007 um hlutfall starfa í veiðum og vinnslu hjá sveitarfélögum og mun formaður verða í sambandi við formann stjórnar Byggðastofnunar

Ákveðið að formaður skrifi grein um samtökin og birti í Fréttablaðinu og aðra til að birta í Útvegsblaðinu.

2. Næstu verkefni stjórnar

Kynna þarf fjármálaráðherra og ráðuneyti kröfugerð samtakanna varðandi hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu. Fyrir liggja hugmyndir sem fram hafa komið í frumvarpi.

Drög að bréfum til ráðherra rædd. Páll Björgvin kom með breytingatillögu sem var samþykkt og mun formaður bæta þeim í drögin áður en þau verða send út. Ákveðið að kanna með fundi með ráðherrum 6. 7. eða 8.nóv.

Einnig þarf að kynna atvinnuvegaráðherra áhuga samtakna á samstarfi við ráðuneytið um dreifingu starfa um landið og þá þætti mögulegra breytinga á lögnum um stjórn fiskveiða sem rétt væri að samtökin kæmu að.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15